

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 554/2011 um Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað orðanna „11. gr.“ í síðari másl. 4. gr. reglnanna koma orðin: 9. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. Síðari másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. 1. másl. orðast svo: Aðild að stofnuninni með starfsaðstöðu eiga akademískir starfsmenn og aðjúntar með rannsóknaskyldu við líf- og umhverfisvísindadeild svo og sérfræðingar með lengri ráðningartíma en eitt ár.
- b. 2. másl. orðast svo: Stofnunin veitir framhaldsnemum við deildina og öðru tímabundið ráðnu starfsfólki við rannsóknir starfsaðstöðu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglnanna:

- a. 2. másl. orðast svo: Stjórn stofnunarinnar fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar, ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart forseta fræðasviðs, semur fjárhagsáætlun og gerir tillögu til forseta fræðasviðs um fjárveitingar.
- b. 5. másl. orðast svo: Stjórnin skipar stofustjóra til þriggja ára samkvæmt tilnefningu stofufunda og skulu þeir vera fulltrúar hvorrar stofu í stjórn stofnunarinnar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglnanna:

- a. 5. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Stafliður b í 2. mgr. fellur brott.
- c. Núverandi f-liður 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, að fenginni tillögu líf- og umhverfiseildar og stjórnar verkfræði- og náttúruvísindasviðs, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 7. júní 2022.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*